

Skólaráð Naustaskóla

Fundað þann 21. október 2021

Mættir:

Skólastjórnendur: Bryndís Björnsdóttir, Aðalheiður Skúladóttir.

Fulltrúar foreldra: Anna Rósa Halldórsdóttir, Rósa María Rúnarsdóttir.

Fulltrúar starfsmanna: Vala Björt Harðardóttir, Kolbrún Sigurgeirsdóttir, Inga Vala Magnúsdóttir.

Dagskrá og afgreiðslur:

1. Skólanámskrá – Starfsáætlun 2021 - 2022

Ekki voru gerðar athugasemdir við Starfsáætlunina á fundinum, fulltrúum er hins vegar ætíð frjálst að koma með ábendingar eða óska eftir umræðu um einstaka þætti.

2. Matsáætlun

Tekið til umræðu skv. áætlun. Sömu liðir eru lagðir til grundvallar varðandi mat á skólastarfinu og undanfarin misseri, kannanir Skólapulssins eru umfangsmesta upplýsingaöflunin en einnig rýnt í niðurstöður prófa og skimana, notast við ýmsa gátlista o.fl. Gerð er grein fyrir þessari upplýsingaöflun í starfsáætlun og úrvinnslu að hluta í ársskýrslum og á heimasíðu.

3. Heimanám

Tekið til umræðu skv. áætlun. Í samræmi við umræður á síðasta fundi er nú lögð aukin áhersla á eftirfylgd með lestri í flestum námshópum, farið að ganga eftir “kvittunum” upp í 7. bekk en eftir að útfæra þetta nánar á unglíngastiginu, spurning um rafrænar skráningar þar og að nemendur sjálfir taki ábyrgð á skráningum, þarf að ákveða þátt foreldra í því. Umræður um form á “kvittunum” þ.e. bókum og blöðum sem nýtt eru í því skyni. Ákveðið að kalla eftir útfærslum hvers kennsluteymis fyrir sig á heimanámsstefnunni, þ.e. taka saman hvernig hún er útfærð í starfsáætlunum teymanna og fá nánari upplýsingar um framkvæmdina. Förum svo yfir þessi gögn á næsta fundi og ákveðum hvort þörf sé á að útfæra stefnuna nákvæmar fyrir hvert aldursstig.

4. Starfshættir nemendaverndarráðs.

Tekið til umræðu skv. áætlun. Engar athugasemdir.

5. Fjárhagsáætlun.

Tekið til umræðu skv. áætlun. Unnið er að fjárhagsáætlunargerð, búið er að boða niðurskurð hjá Fræðsluviði og grunnskólum bæjarins. Óskað er eftir að stkóastjórar leggi fram tillögur um hagræðingu innan skólanna. Ljóst er að ekki verður um aukið fjármagn til búnaðarkaupa eða annara þátta í rekstrinum.

beita ákveðnum þrýstingi og nú kemur í ljós hvort það hafi dugað til að tryggja að af framkvæmdinni verði en skólaráð leggur sem fyrir þunga áherslu á það. Framkvæmdir eru að fara af stað á nýjan leik

6. Önnur mál

Tekið til umræðu safnmöppur og sýnismöppur nemenda sem hefur verið liður í námsmati og samstarfi og til upplýsingar um námsframvindu nemenda til foreldra. Ákveðið var að hætta með þessar safnmöppur en þess í stað nýta rarænar námsmöppur eða öpp eins og Seezaw eða Goggle classromm í sama tilgangi.

Fundargerð ritaði Bryndís Björnsdóttir.